

CQ TF

FRÉTTABRÉF 1/89



Myndin sýnir loftnet Finns Tómassonar, TF3FTN í tíundu TF-útileikunum á sl. sumri. Loftnetið er dýpöll fyrir góða háloftabylgju. Einnig má tengja fæðilínuna sem einn vír og nota sem T-loftnet fyrir góða jarðbylgju (mynd TF3FTN).

QSP...

- **Aðalfundur ÍRA 1989** var settur að Hótel Esju hinn 15. febrúar sl. kl. 20-20. Formaður, Kristján, TF3KB, gerði grein fyrir starfsemi félagsins á sl. ári. Alls var mælt með 12 nýliðaleyfum á árinu og 12 gestaleyfum. A-próf var haldið í ágúst og stóðust 3 af 5, þau Jakob, TF3EJ, Amanda, TF3XS og Gunnar, TF3YS. Þá fékk einn loftskeytamaður leyfi, Örn, TF6ZZ á Neskaupsstað. TF3KB hélt á árinu 3 nýliðanámskeið, 2 pakkváknaamskeið og 1 námskeið til undirbúnings A-prófs.

- Það nýmæli var tekið upp, að skipuð var húsnefnd með Bjarna, TF3BM, sem formanni og með honum þeir Bjarni, TF3GBN og Finnur, TF3FTN. Sá nefndin um félagsheimilið og vann þar gott starf. TF3GBN gerðist QSL-stjóri og rak QSL-stofuna með miklum ágætum. Stefán, TF3SA, útvegaði félaginu turneiningar, sem þó eru enn óuppsettar. Þessu næst var gerð grein fyrir húsnæðismálum. CQ TF fréttabréf kom út 3svar sinnum á árinu.

- Póstur og sími hafnaði enn almennu leyfi til nýliða fyrir farstöðvum, en tímabundið leyfi fékkst meðan á útileikum stóð. Þá var sótt til P&s um áframhaldandi leyfi til notkunar á 10-18-24 MHz (jákvætt svar barst skömmu eftir aðalfund).

- Formaður fór til Englands vegna 75 ára afmælis RSGB. Af tæknilegum orsökum reyndist ekki unnt að sýna litskyggnur frá ferðinni, sem fundarmenn vonuðust til að fá að sjá seinna. Í ferðinni kynntist formaður því helsta sem er að gerast á sviði gervitungla-fjarskipta radióamatöra, tölvusamskipta og stafrænnar merkjaúr-vinnslu. Í lok fróðlegrar kynningar á þessum sviðum hvatti formaður til stofnunar hátæknihóps radióamatöra hér á landi.

- Næst gerðu aðrir embættismenn grein fyrir starfsemi sinna embætta. Í máli QSL-stjóra, Bjarna, TF3GBN, kom fram að hann hefði hafið starfið á upplýsingaöflun með bréfi til erlendra QSL-stofa. 6350 kort voru send á vegum TF-QSL-stofunnar á árinu. Keppisstjóri, Sigurður, TF3CW sagði frá ferð sem hann fór á

CQ TF fréttabréf

20. júlí 1989, 7. árgangur

Útgefandi

Íslenskir radióamatörar (ÍARR)
(stofnað 14. ágúst 1946)
pósthólf 1058, 121 Reykjavík

Ritstjóri og öbm.

Kristján Benediktsson, TF3KB
Efni sendist ritstjóra í síðasta lagi
20. hvers mánaðar fyrir næstu útgáfu
í pósthólf 8875, 128 Reykjavík.

**ÍARR er hið íslenska aðildarfélag í
IARR, IARR Region I og NARR.**

Námskeið til nýliðaprófa

Hraðnámskeið, stendur 6 kvöld
kl. 1930-2230.

4 kennslustundir á kvöldi
(2 í morsi með hjóðlíkisáberð
2 í radiótækni fyrir byrjendur)
Allt Morse-stafrófið á aðeins
7 klukkustundum!

Morse fyrir tæknimenn

Ef næg þátttaka fæst.

Námskeið í pakkvaki

(Packet Radio)

Kynningarnámskeið, 3 síðdegi.
Tveir verklegir timar við tölvur
og Kantronics KAM og PAC-COM
TNC-200.

Leiðbeinandi námskeiða: TF3KB
Innritun og upplýsingar í
síma 3 10 50

gagnmerkan fund hjá LA-DX Group í Geilo í Noregi. Aðspurður veitti hann einnig upplýsingar um frábæran árangur sinn í CQ WW keppninni á sl. hausti. Hann hvatti menn til aukinnar virkni, því með haustinu væru horfur á, að skilyrðin yrðu betri en nokkurntíma áður. Formaður húsnefndar, Bjarni, TF3BM sagði frá kjallaratiltekt nefndarinnar í félagsheimilinu á sl. sumri. Þá kom fram að nefndin skiptir með sér verkum að opna félagsheimilið á fimmtudagskvöldum, en mánuðagsopnanir hafa verið lagðar niður. Viðurkenningastjóri (Awards Manager), Guðjón, TF3AC tilkynnti að Zone-40 viðurkenningarskjalið væri fullhannað, þótt enn væri eftir að prenta það. Kom fram í máli hans, að félagið hefur ekki enn þurft að leggja út peninga vegna þessa, og var gerður góður rómur að ræðu hans. Formaður prófnefndar, Vilhjálmur, TF3DX sagði að 10 hefðu þreytt nýliðapróf á árinu og 8 staðist. Þá dreifði hann lista yfir nýliða í félaginu og hvatti fundarmenn til að koma niður á 3560 kHz og hafa samband við þá. Gjaldkeri félagsins Bjarni, TF3BM lagði því næst fram reikninga félagsins. Fram kom að 95 greiddu félagsgjöld, aðeins tæpur heimingur þeirra sem eru á félagaskrá. Vakin var athygli á miklum húsnaðiskostnaði gagnvart tiltölulega lítilli nýtingu félagsheimilisins. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða. Þá var gert fundarhlé og fundarmenn þágu kaffiveitingar.

- Því næst voru stjórnarkosningar á dagskrá: Kristján Benediktsson, TF3KB var kjörinn formaður. Þeir Bjarni Sverrisson, TF3GBN og Finnur Tómasson, TF3FTN voru kjörnir í stjórn til tveggja ára. Bjarni Magnússon, TF3BM gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn, þótt hann hafi verið kosinn til tveggja ára á síðasta aðalfundi. Í hans stað var Stefán Arndal, TF3SA kjörinn til eins árs, en Heimir Þór Sverrisson. TF3ANT situr áfram til eins árs. Varamenn voru kjörnir þeir Ásbjörn Harðarson, TF3ATT og Jakob Helgason, TF3EJ. Endurskoðendur voru kjörnir Yngvi Harðarson, TF3YH og Kjartan Bjarnason, TF3BJT, en Óskar Sverrisson, TF3DC til vara.

- Undir liðnum önnur mál var samþykkt að beina því til stjórnarinnar, að hún skipi 3ja manna nefnd til endurskoðunar á samþykktum félagsins og fara þess á leit við Svein Guðmundsson, TF3T, að hann verði formaður nefndarinnar.

- Rætt var talsvert um hugsanlegar reglugerðarbreytingar í tilefni skjals um það mál, sem dreift var á fundinum. Ekki þótti tímabært að taka málið efnislega fyrir, en samþykkt að boða til félagsfundar um þau mál á árinu.

- Samþykkt var að vekja Pöntunarfélag ÍRA (PÍRA) aftur til lífsins og var Bjarni, TF3GBN samþykktur pöntunarfélagsstjóri.

- Þá var loks samþykkt, að sækja um undanþágu fyrir nýliða til að nota eina kristaltíðni á talsviði 80 metra bandsins í þeim tilgangi að sameina TF stöðvar á einni innanlandstíðni t.d. á 3633 kHz.

- Fundi var slitið þann 16. feb. kl. 01:20.

- Elleftu TF-útileikarnir verða haldnir um næstkomandi verzlunarmannahelgi. CQ TF fréttabréf kannaði hjá nokkrum félögum hvort þeir ætluðu að vera með.

- Vilhjálmur, TF3DX sagðist alltaf hafa verið með, og sér þætti þetta með því skemmtilegasta sem hann tæki þátt í. Hann sagði að eitthvað sérstakt þyrfti að koma til vegna húsbygginga, til að hann yrði ekki með í þetta sinn.

- Andrés, TF3AM ætlar nú aftur að taka þátt eftir nokkurt hlé. Hann er með tvö ný ferðamöstur og loftnet, sem verða nú reynd í fyrsta skipti. Hann sagði vilja nota tækifærið til að hvetja sem flesta til að fara út á mörkina, það væri óviðjafnanlegt.

- Sigurður, TF3CW sagðist ætla að vera með nú í fyrsta skipti. Hann hyggst vera í kallsvæði 6 í nágrenni Hornafjarðar.

- Jón Börkur, TF9JCN sem einnig er á skrá sem TF3JCN, er nýkominn í loflið á 3560 kHz og 7030 kHz frá Skagaströnd. Hann sagðist stefna eindregið að því að vera með í útileikumum þaðan. Hann notar endafætt hálfbylgjunet fyrir 80 m og sama net sem heilbylgju á 40 m. Tækin sem hann er með eru CTX80 og CTX40 QRP sendar frá C.M. Howes í Englandi og CTU30 aðlögunartæki og SWB



Á aðalfundi ÍRA 1989 voru afhent viðurkenningarskjöl fyrir árangur í 10 TF-útileikunum á sl sumri Myndin sýnir standandi frá vinstri þá TF3DX, TF3KB, TF3GBN og TF3CW, en sitjandi TF3FTN og TF3LB

standbylgju- og aflvísir, einnig frá Howes. Þessi tæki hafa einnig nokkrir aðrir nýliðar hér smíðað með góðum árangri. Jón Börkur sagðist verða í loftinu á 3560 kHz flest kvöld milli kl. 23-24 fram að útileikum og á 7030 kHz til vara.

- Baldur. TF3BP nýkominn í sumarfrí frá námi við DTH í Danmörku sagði að eftir langvarandi kláða í morseputtanum væri hann alveg til í að gera eitthvað í málinu. Hann sagðist ætla að reyna að gera allt sem í hans valdi stæði til að komast í loflið þessa helgi, en sig vantaði ferðatæki.

- Bjarni. TF3GBN sagði að amatörradíó hefði gefið sér mikið og væru útileikarnir þar nánast efst á blaði. Hann er með í bígerð fyrir útileikana að smíða ferðavertikal, kvartbylgju fyrir 40m, sem fenginn yrði í resónans á 80 m með spólu. Fyrir háloftabylgju sagðist hann verða með ferðadípólinn sinn frá í fyrra.

- Þorvaldur. TF6MM (áður TF6PS) sagðist vera orðinn þreyttur á þátttöku í útileikunum vegna dræmrar þátttöku og svo því að menn

væru í klukkutíma rabbsamböndum á kristaltíðnum svo aðrir kæmst ekki að, en enginn væri á öðrum tíðnum. Þetta, tók Þorvaldur fram, gildi jafnt um nýliða sem aðra. Hann sagði að sér hefði t.d. einu sinni þótt dálítið súrt í broti, að vera kominn út í mörkina með QRP og kristalstýringu og geta ekki komist í gegnum kjaftavaðal QRO-ara sem ekkert heyrðu.

- Aðal kristaltíðnirnar innanlands eru tvær: 3560 kHz og 3710 kHz (sameiginlega tíðnin er ekki komin enn). Rétt er að minna menn á að hafa sjálf útileikasamskiptin stutt og hnitmiðuð, en vera með rabbið og langlokurnar utan þátttökutímabilanna, eða á öðrum tíðnum. Þeir sem eru með VFO ættu að færa sig af kristaltíðnunum þegar þeir skipta við aðra sem einnig eru með VFO.

• Af radióvitum er það að fréttá TF1VVV er nú virkur aftur frá Búrfelli á 144,976 MHz. Aflið er ca. 5 wött og loft-netið er lóðréttur alstefnuvirkur dipóll. Vitinn er bæði lyklaður A1 og sömu



Hér virðir Elías H Árnason, TF3AEN fyrir sér á aðalfundi ÍRA 1989 listavel smíðaða standbylgjubrú, sem Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX (til hægri) hannaði í bakgrunni má greina Heimi Jónsson og Guðjón Einarsson, TF3AC (Myndir TF3FTN)

upplýsingar sendar tónmótaðar á FM. Umsjónarmaður vitans, Ásbjörn Harðarson. TF3ATT hafði samband við CQ TF fréttabréf og sagði að tæknimenn frá Pósti og síma hefðu sparkað í vitann, sem hefði þá vaknað af dvala. Vildi Ásbjörn koma því á framfæri við radíóamatöra á ferðalögum, að þeir hlusti eftir vitanum sem víðast og láti sig vita hvar hann heyrir. Þetta geti gefið gagnlegar upplýsingar um útbreiðslu, m.a. með tilliti til staðsetningar endurvarpsstöðva.

- Radíóvitinn TF3SIX fór í loftið á 50,0575 MHz frá húsakynnum Í.R.A. hinn 1. júní í fyrra. Heyrðist gott merki frá vitanum það kvöld, en strax morguninn eftir var hann orðinn rámur. Þegar að var gáð var útgangstransistor farinn og kviknað hafði í lágheypisú milli hans og lofnetsins. Eftir viðgerð var hann í gangi um nokkurt skeið, en þá bilaði loftnetið. Eftir að það var lagað komst hann aftur í gang, en fór seinna að heyrast á 80 metrum og var þá tekinn úr sambandi. Kom fram sú tilgáta að þetta hafi stafað af lágri

rafveituspennu, sem stundum fer niður í 180 volt í félagsheimilinu. Sú kenning verður ekki sannreynð fyrir en búið er að gera við bilun sem kom í ljós í knýstigi vitans. Umsjónarmaður vitans Jónas Bjarnason, TF3JB tjáði CQ TF fréttabréfi að viðgerðar væri að vænta í ágúst.

- TF8VHF á 144,939 MHz við Garðskagavita hefur verið bilaður um skeið. Standa vonir til að unnt reynist að gera við hann fyrir en seinna.

• Bæirnir Uddevalla í Svíþjóð Thisted í Danmörku héldu upp á 50 ára vinabæja-afmæli sitt 3. -11. júní sl. Þetta er elsta vinabæja-samband á norðurlöndum. Vinabær þeirra hér á landi er Mosfellsbær. Radíóamalörar í Thisted höfðu samband við Sigurð Tómasson, TF3SD, sem á heima í Mosfellsbæ og vildu einnig koma á sambandi milli bæjanna á öldum ljósvakans. Sigurður sagði í samtali við CQ TF fréttabréf, að hann hefði sótt um undanþágu til að forseti bæjar

frh. á bls. 7

Spáð í DX

- Sigurður Jakobsson, TF3CW gerir garðinn frægan um þessar mundir. Er skemmst að minnast frábærs árangurs hans í SAC keppninni árið '87, en þá varð hann annar yfir norðurlöndin á 14 MHz.

- Sigurður hefur nú reist við hús sitt að Bakkavör 34, Seltjarnarnesi mastur, sem er hífanlegt frá 7 metra hæð og upp í 18 metra. Hefur hann verið með ýmis loftnet á mastrinu frá 4 el. á 20m upp í 5 el. á 10m svo eitthvað sé nefnt. Á næstunni stendur til að setja upp 9 el. Sommer log-periodic net á 10-12-15-20-40.

- Í CQ WW keppninni á tali á sl. hausti náði Sigurður þeim stórkostlega árangri að vera efstur í heiminum á 14 MHz eingöngu. Hann hafði 4241 QSO og náði 1.779.840 punktum sem er Evrópumet. Telja kunnáttumenn sem þekka hvað til þarf, að þetta met eigi eflir að standa lengi. Er víst að þessi glæsilegi árangur á eflir að auka hróður Íslands í amatörheiminum. Fyrir utan góðan tækjabúnað og frábæra starfrækslu er eitt enn, sem þarf að vera í lagi til að svona árangur náist - skilyrðin. Því miður gerist það sjaldnar hér hjá okkur í nálægð norðurljósa, en hjá þeim sem sunnar eru.

- Þá hefur Sigurður gert víðreist. Í júní á sl. sumri boðaði LA-DX Group til annálaðs DX fundar í Geilo í Noregi. Þar var Sigurður mættur. Þar voru saman komnir helstu DX-menn á norðurlöndum og þótt víðar væri leitað.

- Þá heimsótti Sigurður hina víðfrægu árlegu Dayton Hamvention í lok apríl í vor. Það yrði líklega heilt fréttabréf til viðbótar, sagði Sigurður, ef segja ætti frá öllu því. Flóamarkaðurinn var alveg "hrikalegur" sagði hann. Það voru yfir 3000 pláss seld og lá við að þeir misstu stjórn á öllu saman. Þarna má fá allt milli himins og jarðar í amatörheiminum og meira til. Þarna voru mjög skemmtilegir DX fundir um keppnir og loftnet, að ógleymdum Grand Banquet kvöldverðinum þar sem mættir voru yfir 3000 þátttakendur.

- Sigurður er nú nýkominn frá sumarleyfisdvöl í Melbourne, Florida, þar sem hann

hitti marga radíóamatöra. Fór hann m.a. í loftið hjá einum þeirra, Gene, N4PGL, undir kallmerkinu TF3CW/W4. Fékk Sigurður strax mikið "pile-up", sem hann fór að vinna úr af krafti. Gestgjafinn mun hafa fórnað höndum og sagt að svona mikið "pile-up" hefðu tækin aldrei fengið á sig áður. Það breytir sem sagt einhverju að hafa TF kallmerki, jafnvel þótt QTH-ið sé "aðeins" Fla. Sigurður verslaði tvö loftnet og nýjan mjög öflugan morselykil Morse Machine frá AEA, sem í stystu máli hann segir að geti "ALLT".

- Sigurður er með ýmsar áætlanir á prjónunum í nánustu framtíð. Dagana 21.

- 23. júlí 1989 hyggst hann starfrækja TF9CW frá Reykjum í Hrutafirði. Baldvin Þórarinsson, TF3-033 verður honum til aðstoðar. Er ætlunin að vera aðallega á 15-20-40 metrum. Loftnetin verða ekki af lakari endanum. Þau verða nákvæmlega samskonar og notuð voru í leiðangri norðmanna til eyju Péturs Fyrsta (3Y1EE og 3Y2GV) í suðurishafinu. Þeir hafa látið hanna og smíða sérstakt fellanlegt álmastur, hentugt til ferðalaga, eftir myndum sem Sigurður tók í Geilo af loftnetum leiðangursins. Á þessu mastri verður A3, 3el. Cushcraft Yagi loftnet fyrir 10-15-20m. Á lægri tíðnunum er notaður Butternut vertikall. Þá hyggst Sigurður fara til Kulusuk á Grænlandi dagana 15.

- 21. ágúst 1989 og starfrækja þaðan stöð sem TF3CW/OX með sömu loftnetum og delta lykkjum fyrir 40 og 80 metra að auki. Ætlar hann að skoða aðstæður og skilyrði grannt, með hugsanlega þátttöku í CQ WW í huga. Reglurnar mismuna amatörum eins og kunnugt er ameríkönunum í hag (þeir sömdu jú reglurnar)! Þannig er 1 punkt gefinn fyrir samband við sömu heimsálfu, nema innan Norður-Ameríku eru 2 punktar. Milli heimsálfa eru hinsvegar gefnir 3 punktar. Þetta þýðir að talsverður munur getur verða á útkomu í þátttöku á Íslandi og Grænlandi, þótt sömu sambönd náist á báðum stöðunum. Á Íslandi fæst aðeins 1 punkt fyrir hvert evrópusamband en 3 punktar fyrir sambönd við ameríkubúa. Á Grænlandi fást hinsvegar 3 punktar fyrir Evrópusambönd og 2 fyrir Norður-Ameríkusambönd. □

Frh. af bls. 5

stjórnar Mosfellsbæjar mætti segja nokkur orð í stöðina við kollega sína í Thisted. Þetta gekk ljómandi vel, þótt skilyrðin væru ekki allt of góð. Sigurður hafði samband alla daga nema einn á 14 MHz. Forseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar átti stutt samtal við kollega sinn í Thisted sunnudaginn 4. júní. **TF3RCC** (fyrir Roman Catholic Church) var starfrækt að frumkvæði Jakobs Helgasonar, TF3EJ í tilefni af heimsókn páfa í júní sl. Ekki náðist í Jakob um frekari upplýsingar fyrir útkomu fréttabréfsins,

Spánarkonungur Juan Carlos, kom til landsins í opinbera heimsókn í boði forseta Íslands í byrjun júlí. Konungur er radióamatör eins og kunnugt er og hefur kallmerkið EA0JC. Eins og fram kom í fréttum var efnt til mikillar veizlu á Hótel Sögu, þar sem margt fyrirmennið var mætt, en bara einn radióamatör, kóngur sjálfur.

U.þ.b. hálfum mánuði fyrir heimsóknina gekk formaður ÍRA á fund forsetarítara og bauð fram aðstoð Íslenskra radióamatöra, ef svo vildi við horfa. Ritari sagði að undirbúningur heimsóknarinnar hefði hafist fyrir ári síðan og væri lokið. Dvöl konungs stæði aðeins yfir í tvo og hálfan dag og hver mínúta væri þaulskipulögð. Því væri engu hægt að breyta nú. Vítneskjan um að þessi heimsókn stæði fyrir dyrum barst því með of skömmum fyrirvara. Ef betur hefði staðið á var formaður tilbúinn að nefna þá hugmynd, að konungur og forseti semdu í sameiningu stutt friðarskeyti, sem sent yrði frá Bessastöðum til fundarstaðar leiðtogafundarins, Höfða og þaðan út um allan heim eftir alþjóðlegu pakkvakneti radióamatöra. Þar með fór gott tækifæri fyrir bí. Það gengur bara betur næst!

Hjá fréttarítara RÚV í Madrid Kristni R. Ólafssyni mátti heyra fyrir utan allt annað, að konungur væri mikill **fjarskiptafíkill** Skv. grein í DV hinn 28. júní 1989 skrifaðri af Péttri L. Péturssyni í Barcelona hafa margir íslendingar átt við hann samræður á stuttbylgju. Síðdegisútlarp Rásar 2 vildi af því tilefni gjarnan ná tali af einhverjum radióamatör, sem hefði talað við kóngsa. Ekki hefur

heyrst neitt hávært gort um þetta. svo enginn slíkur fannst. Hér með lýsir CQ TF fréttabréf eftir þeim, sem hafa talað við hann. Hugsanlegt er að einhverjir hafi talað við hann án þess, að gera sér grein fyrir hver maðurinn er eða að kallmerki hans sé falið í einhverjum keppnisradiódagbókum. Ef Rás 2 hefði spurt: “Um hvað töluðuð þið?” þá hefði svarið e.t.v. orðið: “59-40!”

Heimurinn getur verið lítill, það sannfærðist Þorvaldur. TF6MM um fyrir nokkru síðan (Hann var þá með kallmerkið TF6PS). Hann var í “pile-up” DX samböndum á 21 MHz við JA, DU, VS6 o.fl. stöðvar. Allan tímann var ein OZ stöð að kalla á Þorvald. Þegar hann loks svarar spyr daninn hvort hann þekki Stefán nokkurn, sem var barþjónn á Hótel Sögu árið 1972. Það var nú annaðhvort, Stefán er faðir Þorvaldar.

Félagatalið sem nú er sent út inniheldur á einstaka stað ekki alveg nýjustu upplýsingar. Félagsmenn eru hvattir til að tilkynna strax breytingar og villur sem þeir koma auga á.

Gjaldkeri biður félagsmenn góðfús-lega að inna félagsgjaldið af hendi við fyrstu hentugleika. Vegna þess að frágangur á CQ TF fréttabréfi hefur tafið útsendingu gíróseðlanna hefur fresturinn til að greiða félagsgjaldið á lága verðinu framlengdur til 15. ágúst. ATH. að HEIMILT er að greiða lága verðið fram að þeim tíma, en ekki SKYLT!

Við innheimtu síðasta árs var mönnum bent á að heimilt væri að hækka upphæðina á gíróseðlinum að vild. Þeir sem þetta gerðu eru: Amanda Mary Dunn, TF3XS; Ásmundur Pálsson, TF7-002; Eysteinn Arason, TF3EF; Finnur Tómasson, TF3FTN;

Guðmundur Gunnarsson. TF3GG; Gunnar Hilmarsson, TF3YS; Heimir Þór Sverrisson, TF3ANT;

Ingvar Eggertsson Ísdal, TF3-069; Jón Ingvar Óskarsson, TF1JIT; Reynir H. Stefánsson, TF6-005; Sigurður Eggert Davíðsson, TF5-252; Sveinbjörn Jónsson, TF3-066 og Sveinn Guðmundsson, TF3T. Þessum velunnurum félagsins eru hér með færðar sérstakar þakkir af þessu tilefni. □

• Nýliðar eru vaxandi hópur eftir því sem fleiri ljúka prófi. Þetta er árangurinn af námskeiðahaldi TF3KB.

• Næsta nýliðaþróf er fyrirhugað laugardaginn 14. október 1989 kl. 1400.

• Næsta A-próf er fyrirhugað fyrsta vetrardag 1989 ef næg þátttaka fæst. Þeir sem vilja gangast undir prófin eru vinsamlegast beðnir að skrá sig hjá ÍRA með mánaðar fyrirvara.

Núverandi nýliðar og þeir sem hafa staðist nýliðaþróf eru: (óútteknar stöðvar í sviga)

Ágúst Guðmundsson	TF3AGN Austurbrún 21	Reykjavík s. (91) 3 29 98
Ásbjörn Harðarson	(TF3ATN) Grænukeinn 18	Hafnarfirði s. (91) 5 14 26
Bjarni Sverrisson	TF3GBN Hnjúkaseli 4	Reykjavík s. (91) 7 82 93
Björn Þorgilsson	TF3BEN Kársnessbraut 47	Kópavogi s. (91) 4 25 43
Elías H. Árnason	TF3EAN Kaplaskjólsvægi 58	Reykjavík s. (91) 2 40 13
Erling Guðnason	TF3EEN Álftamýri 14	Reykjavík s. (91) 68 77 81
Finnur Tómasson	TF3FTN Austurgerði 5	Kópavogi s. (91) 4 67 22
Friðrik Kristjánsson	TF3FKN Einarsnesi 42A	Reykjavík s. (91) 2 61 32
Halldór Christensen	TF3GCN Móafliot 8	Garðabæ s. (91) 4 34 54
Hallgrímur Helgason	TF3TEN Brekkustíg 6A	Reykjavík s. (91) 2 87 17
Hannes Guðmundsson	TF3HGN Karfavogur 37	Reykjavík s. (91) 3 67 93
Hannes Högni Vilhjálmsson	() Silungakvísl 10	Reykjavík s. (91) 67 40 13
Heimir Konráðsson	TFIEIN Kambahr. 20A	Hveragerði s. (98) 3 44 84
Hilmar Árnason	TF6RXN Silfurbraut 37	Höfn s. (97) 8 13 37
Hrappur S. Magnússon	() Ránargötu 36	Reykjavík s. (91) 2 63 35
Jóhann G. Sigfússon	(TF3GSN) Stallaseli 6	Reykjavík s. (91) 7 78 02
Jón Börkur Ákason	TF9JCN Fellsbraut 1	Skagaströnd. (95) 2 28 13
—”—	TF3JCN Bergstaðastræti 45	Reykjavík s. (91) 62 32 27



Myndin sýnir þátttakendur á síðasta nýliðanámskeiði sem haldið var í júní sl. Frá vinstri: Eiður Magnússon, Halldór R. Guðjónsson, Hörður Sverrisson, TF3-040, Karl Sigurðsson, Gísli Örn Sturluson, Auður Arndal og Þorvaldur Bjarnason.